



SAMORKA
Samtök orku- og veitufyrirtækja

Alþingi
Erindi nr. P 138/288
komudagur 26.11.2009

Nefndasvið Alþingis
b.t. iðnaðarnefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

26. nóvember 2009

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um landnýtingaráætlun fyrir ferðamennsku á miðhálandinu, 19. mál

Samkvæmt tillögunni mun Alþingi álykta um að fela iðnaðarráðherra og umhverfisráðherra að hafa forgöngu um að gerð verði landnýtingaráætlun fyrir ferðamennsku á miðhálandinu þannig að unnt sé að taka vel á móti þeim aukna fjölda ferðamanna sem ferðast um hálandið án þess að ganga of nærri því.

Samorka tekur undir mikilvægi þess að hugað sé með skipulögðum hætti að nýtingu hálandisins, sem og raunar annarra lítt snortinna náttúrusvæða, fyrir ferðaþjónustuna, sem vissulega skilur eftir sig spor líkt og fleiri atvinnugreinar.

Orku- og veitufyrirtæki hafa lengi látið sig málefni ferðaþjónustunnar varða enda heimsækja nú vel á annað hundrað þúsund manns virkjanir og veitumannvirki hérlandis á ári hverju. Fleiri dæmi mætti nefna um ferðamenn og mannvirki á vegum orkufyrirtækja en þannig heimsækja t.d. um 600 þúsund manns Perluna á ári hverju og um 400 þúsund manns heimsækja árlega Bláa lónið, sem tengt er virkjun með órjúfanlegum hætti. Hér hefur mikill metnaður verið lagður í fallega hönnun og snyrtimennsku við virkjanaframkvæmdir og víða er sérstök aðstaða til móttöku ferðamanna, tækni- og myndlistarsýningar o.fl. Þess má geta að slíkur aðgangur að virkjanamannvirkjum er lítt þekktur erlendis, en eftirspurnin er mikil. Kostnaður af slíkri móttöku ferðamanna er hins vegar í flestum ef ekki öllum tilvikum alfarið borinn af umræddum orku- og veitufyrirtækjum, en ekki af ferðalöngunum sjálfum eða viðkomand fyrirtækjum í ferðaþjónustu, þar sem við á. Þá hefur vegagerð orkufyrirtækja mikið vægi fyrir ferðamennsku. Má þar nefna aðgengi að hálandinu, línuvegi o.fl. Mörg orku- og veitufyrirtæki hafa ennfremur lagt mikið af mörkum til kortagerðar fyrir útivistarfólk, til göngustígagerðar og þannig mætti áfram telja, og eiga mörg fyrirtækjanna gott samstarf við aðila í ferðaþjónustu.

Ferðaþjónustan hefur mikið vægi við ýmsa stefnumótun í málefnum orku- og veitufyrirtækja, sbr. gerð rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma þar sem Samorka og Samtök ferðaþjónustunnar eiga hvor sinn fulltrúann í verkefnisstjórn. Samorka telur að sama skapi við hæfi að samtökin fái að tilnefna fulltrúa í þá vinnu sem hér er til umfjöllunar, enda aðkoma aðildarfyrirtækja Samorku mikil að þessum málaflokki og metnaður þeirra mikill á þessu sviði.



SAMORKA
Samtök orku- og veitufyrirtækja

Samorka lýsir því stuðningi við þessa tillögu og óskar sem fyrr segir eftir að fá aðild að þeirri vinnu sem þar er mælt fyrir um.

Að öðru leyti vísast til umsagna einstakra aðildarfyrirtækja Samorku.

Virðingarfyllst,

Guðstaf Adolf Skúlason
aðstoðarframkvæmdastjóri